

## 1991 nr. 5 23. janúar

### Forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma

Tók gildi 13. mars 1991. Breytt með: Augl. 141/2008 (tók gildi 18. des. 2008).

#### ■ 1. gr.

□ Draga skal fána á stöng á húsum opinberra stofnana, sem eru í umsjá valdsmanna eða sérstakra forstöðumanna ríkisins, eftirgreinda daga:

1. Fæðingardag forseta Íslands.
2. Nýársdag.
3. Föstudaginn langa.
4. Páskadag.
5. Sumardaginn fyrsta.
6. 1. maí.
7. Hvítasunnudag.
8. Sjómannadaginn.
9. 17. júní.
10. 1. desember.
11. Jóladag.

[12. 16. nóvember, fæðingardag Jónasar Hallgrímssonar.]<sup>1)</sup>  
□ Alla ofangreinda daga skal draga fána að hún, nema föstudaginn langa, þá í hálfra stöng.

<sup>1)</sup> Augl. 141/2008.

#### ■ 2. gr.

□ Hverja daga aðra en í 1. gr. segir og við hvaða tækifæri flagga skal á landi, fer eftir ákvörðun forsætisráðuneytisins.

#### ■ 3. gr.

□ Fána skal eigi draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann eigi uppi vera lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis.

□ Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

#### ■ 4. gr.

□ Um fána á bátum og skipum skal leita leiðbeininga Landhelgisgæslu Íslands eða Siglingamálastofnunar ríkisins.

#### ■ 5. gr.

□ Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi. . . .